

Fundur Ræktunarstjórnar 13.janúar 2014

Fundur haldinn í Kaupþúni 1, 20.00 til 22.00

Mættir: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Heiðar Sveinsson, Þórhallur Atlason og Arnar Tryggvason.

- Dagskrá veiðiprófa sumarið 2014 samþykkt og verður send til samþykkis á stjórn HRFÍ
- Snæfellspróf í skoðun með staðsetningar. Ákveðið að panta gistingu fyrir dómara og fulltrúa ásamt tjaldsvæði.
- Þarf að finna prófsvæði á suðvesturlandi fyrir próf sem er sett á 28 júní.
- Ekki komin endanleg niðurstaða hvaða erlendi dómari verður á Húsafelli.
- Ekki farið á fund í ár í Danmörku varðandi Norðurlanda samstarf. Ákveðið að fylgjast með og fara á annað eða þriðja hvern fund.
- Norðmenn hafa viðrað þá hugmynd að dómáranemar kæmu á námskeiðshelgi hjá þeim, ath tíma og kostnað.
- Boða dómara og stjórn á fund.
- Dagskrá Göngu- og skemmtinefndar samþykkt.
- Tillaga félagsmanns að flytja heiðrun stigahæstu hunda eða gera meira úr henni rædd. Tekið til skoðunar og afgreitt fyrir næstu heiðrun.
- Skráning í veiðipróf sumarið 2014 verður opnuð 3 vikum fyrir próf og sömu reglur varðandi greiðslur og fjölda hunda.

Fundargerð ritaði HS